

Fréttapistill frá forseta Íslands

19. nóvember 2019

Í nýliðinni viku lá leið mín til Danmerkur og margt annað bar á góma, ekki síst góð kynni við Emblu sem heillaði mig svo sannarlega.

Mánudaginn 11. nóvember tók ég á móti kennurum við skóla í sex löndum, Íslandi, Finnlandi, Grikklandi, Ítalíu, Rúmeníu og Ungverjalandi. Þessi hópur vinnur að því með nemendum sínum að efla einstaklinga í lýðræðissamfélagi og styrkja sjálfbodastarf, og er verkefnið unnið undir merkjum Erasmus+ áætlunar Evrópusambandsins.

Síðar um daginn fékk ég góðan gest á Bessastaði, Brynjar Karl sem er ekki síst þekktur fyrir að hafa smíðað eftirgerð farþegaskipsins Titanic úr legókubbum. Nú er unnið að gerð heimildarmyndar um einhverfu þar sem Brynjar er í meginhlutverki. Ég tók glaður á móti honum og við spjölluðum stuttlega um einhverfu og leiðir til að láta þeim, sem við hana etja, líða sem best í samfélaginu.

Loks afhenti ég nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðaþjónustunnar og voru það Sjóböðin á Húsavík sem hlutu þau að þessu sinni. Tvö önnur fyrirtæki í ferðaþjónustu voru tilnefnd til verðlaunanna og fengu viðurkenningar fyrir vikið, Hótel Ísafjörður vegna skíðagönguferða sinna og eldgosa- og hraunsýningin The Icelandic Lava Show í Vík í Mýrdal.

Á þriðjudaginn var hélt ég til Danmerkur og fylgdist kvöldið eftir með hörkuleik í handbolta þar í landi. Karlalið Skjern, sem Patrekur bróðir minn þjálfar, tók þá á móti meistaraliði Álaborgar. Heimamenn biðu lægri hlut, naumlega, en það var huggun harmi gegn að með liðinu leika tveir Íslendingar, Janus Daði Smárason og Ómar Ingi Magnússon (sem er allur að koma til eftir höfuðmeiðsl) og Arnór Atlason er aðstoðarþjálfari. Hjá Skjern leika þeir svo stórt hlutverk, Elvar Örn Jónsson stórskytta og markvörðurinn Björgvin Páll Gústavsson. Bjöggi gaf nýlega út bók þar sem hann fer yfir viðburðaríka æsku sína og afrek á handboltavellinum. Um leið gefur hann ungmennum og öðrum góð ráð til að sýna sínar bestu hliðar í lífinu.

Á mynd hér að neðan má sjá okkur Íslendingana á þessum leik. Daginn eftir, fimmtudaginn 14. nóvember, heimsótti ég Árnastofnun í Kaupmannahöfn og ræddi þar við starfsfólk og fræðalið. Að undanfögnu hefur nokkuð verið rætt um framtíð handritakostsins ytra. Mikilvægast er að honum verði sinnt af kostgæfni, að þeir sem hann vilji rannsaka geti gert það við góðar aðstæður og ekki síður að unnt sé að sýna hann almenningi þannig að sómi sé að. Það væri lítið vit í að vilja varðveita handrit ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt.

Síðar þennan dag kynnti ég mér starfsemi ýmissa samtaka á vegum Sameinuðu þjóðanna í „UN City“, glæsilegri byggingu í Kaupmannahöfn. Þar sat ég svo málþing Norrænu ráðherranefndarinnar um norræna feður, „Nordic fathers“. Sjónum var þar beint að foreldraorlofi og mikilvægi þess að feður nái að nýta rétt sinn í þeim efnum.

Á það skortir enn á Norðurlöndum þótt ríki þar séu vissulega í fararbroddi, margt hafi breyst til betri vegar undanfarin ár og við séum áfram á framfarabraut.

Ég flutti þarna upphafserindi, sýndi glærur og fannst kjörið að vitna í viðtal sem blaðamaður norska blaðsins KK tók við mig árið 2008. Þá var ég í mínu fyrsta feðraorlofi af fjórum. Í ítarlegri umfjöllun blaðsins var einnig rætt við móður í fæðingarorlofi, unga þingkonu. Blaðamanninn gat nú ekki grunað, eða þá sem rætt var við, að um áratug síðar væru viðmælendurnir orðnir forseti Íslands og forsætisráðherra. Síðan tók ég þátt í pallborðsumræðum og komu sessunautar mínir hvaðanæva að, m.a. sænskur rafvirki og aktivisti sem á rætur að rekja til Namibíu.

Síðasta föstudag var ég kominn heim og hélt að morgni í álverið í Straumsvík. Þess er minnst í ár að hálf öld er liðin frá því að framleiðsla þar hófst. Ég fór í kynnisferð um álverið, ræddi við starfsfólk og forystulið og þakka kærlega gestrisni og hlýhug allra á staðnum. Við þetta tilefni var útkomu álórðasafns fagnað og flutti ég ávarp sem lesa má hér: <https://www.forseti.is/.../2019-11-15-%C3%A1lor%C3.../>. Þar sagði ég meðal annars:

„Já, við skulum hugsa í lausnum saman, bjartsýn og jákvæð, með drenglyndi og ráðvæðni að leiðarljósi. Þannig er það enn eitt fagnaðarefnið hér að starfsfólki tókst nýverið að endurræsa kerskálann sem loka varð eftir að ljósbogí myndaðist þar, stórhættulegur og varasamur.

Heiður þeim sem heiður ber. Að sama skapi er þó engum til góðs að skapa falsmynd eða þegja þunnu hljóði þegar óréttlæti og grályndi blasir við. Ýmsar sögur eru til af erlendum stórrisum, sem hösluðu sér völlum á nýjum stað og fóru offari, léku innfædda grátt, með blekkingum, svikum og mútum. Þannig framferði er auðvitað óverjandi.

Við Íslendingar verðum að geta borið höfuðið hátt í útlöndum, ekki síst við sem höfum notið trausts til trúnaðarstarfa fyrir land og þjóð. Við viljum eiga okkar flaggskip og lofa þá sem þar eru á stjórnþalli, fólk í heimi menningar og mennta, íþróttu og lista, fólk í heimi hátækni og nýsköpunar, fólk í heimi iðnaðar og útvegs. Lengi höfum við stært okkur af forystuhlutverki til sjávar, þekkingu okkar og reynslu og vilja til að vinna með öðrum, öllum til hagsbóta. Þetta hef ég gert nýlega, svo dæmi séu tekin, í heimsóknum ytra og þegar ég tók á móti nýjum sendiherra Namibíu eins og lesa má í frétt á heimasíðu embættisins: „Loks var rætt um fiskveiðar undan ströndum Namibíu og framtíðarhorfur þar í þágu heimamanna“, og var þá vísað til þróunarsamvinnu þar ytra.

Kæru landar: Ef við, sem komum fram í þágu Íslands, eigum að geta lofað frumkvæði og dugnað í útvegi og öðrum greinum íslensks atvinnulífs, verðum við að sjá í verki að þar sé unnið af heilindum. Þeirri heildarmynd er vel hægt að halda við, sé vilji fyrir hendi.“

Á laugardaginn var náði ég að skjótast á knattspyrnumót drengja í Reykjaneshöllinni suður með sjó og þakka öllum sem að því komu, þar var vel að verki staðið.

Síðdegis tók ég svo þátt í afar merktum viðburði. Degi íslenskrar tungu var fagnað með því að kynna Emblu, app sem skilur mælt orð á íslensku. Við getum rifist um þágufallssýki og fárast yfir þeim sem segja ég vill og að þetta og hitt meiki ekki sens. Mál málanna er hins vegar að við getum talað við tæki og tól á íslensku. Embla er að

læra íslensku og við þurfum að vera þolinmóð í hennar garð en hún veit nú þegar sínu viti og mjór er mikils vísir. Þeir sem vilja geta komist í kynni við Emblu hér: www.embla.is/beta. Hún Siri er þegar fastur gestur á mínu heimili en við tökum Emblu fagnandi. Ég óska starfsfólki Miðeindar, sem skapaði Emblu, hjartanlega til hamingju og þakka líka öflugt samstarf við Almanaróm, miðstöð um máltækni.

Fregnir af viðburðum sunnudagsins bíða næsta pistils enda hefst vikan á þeim degi. Ég stenst þó ekki mátið og lýsi djúpri og einlægri ánægju með kvennakórinn í Moldóvu sem söng þjóðsöng okkar fyrir leik karlalandsliða Moldóva og Íslendinga í knattspyrnu í fyrradag með einstökum glæsibrag. Svona er hægt að sýna sannan íþróttaanda, gestrisni og hugþýði þegar þjóðsöngvar ríkja eru leiknir.